

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi. Gjaldið skal lagt á allar íbúðir sem birtar eru í fasteignamati, aukaíbúðir í húsum sem eru birtar í fasteignamati sem óskiptar eignir, lögbýli og atvinnuhúsnæði sem birt eru í fasteignamati. Sorpeyðingargjald er ætlað til að standa undir kostnaði við sorphirðu, móttöku og eyðingu sorps ásamt urðun og kostnaði við rekstur endurvinnslustöðva og grenndarstöðva. Sorpeyðingargjald greiðist til sveitarsjóðs Reykhólahrepps árlega og skulu gjalddagar vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

2. gr.

Úrgangur frá heimilum í sveitarfélaginu skal flokkaður í 7 flokka og er að lágmarki greitt gjald fyrir grunneiningu fjögurra íláta við húsvegg. Grunneining samanstendur af ílátum fyrir plastefni, pappír og pappa, lífrænan úrgang og blandaðan heimilisúrgang. Til viðbótar skal safna gleri, málmum og textíl sem skila skal í lúgur við endurvinnslustöð.

Sorpílatagjald:

Blandaður heimilisúrgangur 240 l tunna	34.000 kr.
Endurvinnslutunna plast 360 l tunna	9.000 kr.
Endurvinnslutunna pappír 360/660 l tunna	9.000 kr.
Lífrænn úrgangur 140 l tunna	10.000 kr.

Rekstur grenndar- og söfnunarstöðvar:

Fristundahús og lögbýli í dreifbýli hafa aðgang að grenndarstöðvum á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu. Gjald fyrir þá þjónustu er 16.000 kr. yfir árið.

Fast gjald 30.000 kr. er lagt á allar fasteignir í sveitarfélagsins til að standa straum af veittri þjónustu tengdri málaflöknum og er ekki beintengt úrgangsmagni s.s. umsýsla, fræðsla, hreinsun rusls á víðivangi, rekstur endurvinnslustöðvar fyrir gler, málm og textíl og aðgengi að endurvinnslusvæði með gjaldfrjálsan úrgang.

3. gr.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtukostnaðar. Sorpeyðingargjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld samkvæmt gjaldskránni miðast við vísitölu neysluverðs í desember 2024 (638 stig) og breytast í samræmi við hana árlega. Gjaldskráin tekur þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1728/2023.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps 11. desember 2024.

Reykhólahreppi, 11. desember 2024.

Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri.